



Alþingi  
Nefndasvið

150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júlí 2008

**Efni: Umsögn um drög að nefndaráliti um frv. til l. um mannvirki, 375. mál**

Samtök atvinnulífsins þakka fyrir það tækifæri að fá að koma með ábendingar um framgang mála á þessu stigi en eins og fram kom í umsögn SA og fleiri aðila þann 11. apríl sl. styðja samtökin efni frumvarpanna í meginatriðum.

SA gera að þessu sinni athugasemd við þá tillögu umhverfisnefndar að eftirlit með lyftum og lyftubúnaði skuli ekki lúta undir Byggingarstofnun heldur verða áfram undir beinu eftirliti Vinnueftirlits ríkisins. Mjög mikilvægt er að lyftur sem hluti af búnaði mannvirkja lúti undir sömu stofnun og annar búnaður mannvirkisins og að ekki þurfi að leita til margra stofnana um fastan búnað einstakra bygginga eða mannvirkja.

Ekki er síður mikilvægt að fyrir liggja ítarlegar skoðunarhandbækur og að faggiltar skoðunarstofur geti annast hið beina eftirlit undir yfirumsjón Byggingarstofnunar. Mikill stuðningur er við í atvinnulífinu það að auka hlutverk faggiltra skoðunarstofa þannig að þær geti tekið að sér fleiri verkefni en nú er og að smám saman dragi ríkið úr beinni eftirlitsstarfsemi sinni með atvinnurekstrinum en stjórnsýslustofnanir annist þess í stað gerð skoðunarhandbóka og þá um leið þeim kröfum sem gerðar eru í hvert sinn. Einnig hafa stjórnsýslustofnanir eftirlit með því að skoðunarstofur standi sig við sitt hlutverk. Mikil ánægja ríkir með hvernig tekist hefur til með eftirlit með ökutækjum og skipum. Í frumvarpi til laga um mannvirki er að finna ítarleg ákvæði um hlutverk skoðunarstofa og fellur eftirlit með lyftum mjög vel að þeim ákvæðum.

Það getur vart verið skynsamlegt að halda aftur af eðlilegri og jákvæðri þróun á þessu sviði þó að það skapi tímabundinn vanda hjá öðrum stofnunum eins og Vinnueftirliti ríkisins í þessu tilviki. Slíkan vanda má áreiðanlega leysa með góðum vilja. Það getur heldur ekki verið að tekjur Vinnueftirlitsins af eftirliti með lyftum séu nýttar til að greiða niður annan kostnað stofnunarinnar. Ef svo er getur gjaldskrá fyrir þessa þjónustu vart verið takmörkuð við þá þjónustu sem verið er að veita.

Því er eindregið lagt til að ákvæði frumvarpsins um eftirlit með lyftum fái að standa óbreytt eins og þau voru þegar frumvarpið var lagt fram.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson,  
framkvæmdastjóri